

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er fjölbrautaskóli með áfangakerfi. Skólinn hefur ávallt verið með mikla breidd í nemendahópnum, nemendur eru á öllum aldri og með mjög breytilega námsgetu. Mjög stór hópur innflytjenda stundar nám í skólanum. Skólinn býður upp á námsbrautir til stúdentsprófs, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði, sérnámsbrautir og almenna námsbraut, auk þess sem skólinn rekur öflugt fjarnám. Námsgreinar eru skipulagðar í áfanga sem gefa einingar og á hverri námsbraut er tiltekinn fjöldi eininga í kjarna, á kjörsviði og í frjálsu vali.

Skólinn leitast við að skapa mannúðlegt og örvandi umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Þar á að vera fjölbreytilegt framboð á námsefni og kappkostað að gera það aðlaðandi og aðgengilegt fyrir nemendur með margvíslegum kennsluaðferðum um leið og gerðar eru tilhlýðilegar kröfur.

Skólinn telur mikilvægt að á hverjum tíma sé fylgst með nýjungum í kennslu og menntamálum og að menn séu óhræddir við að taka upp þær nýjungar sem horfa til framfara. Starfsmenn leggja metnað sinn í að námsframboð sé á hverjum tíma í samræmi við kröfur samfélagsins. Námsframboð þarf því að vera fjölbreytt til þess að hver nemandi eigi raunverulega valkosti og notfæri sér þá í samræmi við áhugamál sín og hæfileika.

Nemendur eru hvattir til að tileinka sér góðar námsvenjur og sjálfsaga. Með því móti öðlast þeir sjálfstraust til þess að takast á við ný viðfangsefni hverju sinni og þeir bera ábyrgð á eigin námi.

Skólinn mun áfram leitast við að sinna fjölskrúðugum hópi nemenda í samræmi við námskrá hverju sinni. En samskipti nemenda eru mikilvæg líka og þeir læra hver af öðrum. Skólinn vill stuðla að slíkum kynnum, m.a. með því að stuðla að heilbrigðu og öflugum félagslífi. Nemendur eru á ýmsum aldri og býr hópurinn því yfir mjög fjölbreytilegri reynslu.

Skóli er samfélag manna. Þaðan fara flestir með formleg próf í farteski sínu. Það er eitt aðalmerki menntunar að menn njóta sín betur í lífi og starfi en ella. En jafnframt stuðlar menntun að því að fólk nýtur betur þeirra verðmæta sem umhverfið býður upp á. Skólinn vill stuðla að því að nemendur verði betur skyggirnir á líf og listir í samfélagi sínu að námi loknu.

Í starfi sínu mun skólinn leitast við að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, efla læsi þeirra í víðasta skilningi þess orðs, lýðræðisvitund, jafnréttishugsjón, menntun til sjálfbærni og sköpunaranda.

Sjálfmatsáætlun

Skólinn er með [sjálfmatsáætlun](#) og [verk- og framkvæmdaáætlun innra mats](#) og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/namskra/sjalfsmatsaetlun/>.

Sjálfmatsskýrslur hafa verið gerðar áður fyrir skólaárin 2001/2002, 2003/2004 og 2008/2009 og eru þær aðgengilegar á sjálfmatssíðunni.

Matið á skólaári 2009/2010 hefur farið fram á ýmsan hátt, með kennslumati, í vinnu stýrihópa, skýrslum fagstjóra og kennslustjóra o.fl. Niðurstöður þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans undir [Nám – Námskrá – Sjálfmatsáætlun](#).

Nám og kennsla

[Kennslumat](#) hefur verið framkvæmt frá 1999 og eru niðurstöður síðustu kannanna aðgengilegar nemendum skólans og öðrum á heimasíðu skólans.

Við kennslumatið er hugbúnaðurinn SPlist notaður. Hýsing er utan skólans og uppfyllir hugbúnaðurinn allar kröfur um nafnaleynd. Vefþjónustur tengja hugbúnaðinn við staðarnet skólans (dagskólann) og kennslumhverfið WebCT (fjarnám).


Kennslumatið er skipt í þrjá meginþætti: mat á námi, mat á áfanga og mat á kennslu.

Kennarar fá ítarlegar niðurstöður kennslumats í greinum sínum, kennslustjórar fá niðurstöður kennslumats í þeim greinum sem tilheyra braut þeirra og yfirstjórn skólans fær yfirlit yfir niðurstöður í öllum greinum. Skýrsla með samantekt af niðurstöðum kennslumats er svo birt á heimasíðu skólans.

Hver áfangi er að jafnaði metinn þriðja hverja önn og kennslustjórar velja í samráði við fagstjóra hvaða áfanga á að meta á hverri önn. Fagstjórar hafa umsjón með matinu. Kennarar ráðstafa einni kennslustund í matið í viðkomandi áfanga, panta fartölvuvagninn tímanlega fyrir þá nemendur sem eru ekki með tölvu eða panta tíma í tölvuveri.

Svarhlutfallið á vorönn 2010 var 48,6% eða 52,4% ef áfangar eru teknir út þar sem færri en 5 nemendur svöruðu. **Markmið er að fá fleiri nemendur til að taka þátt í kennslumati og að svarhlutfallið hækki í 60%.**

Kennarar hafa fengið háa einkunn í öllum könnunum og hefur kennaraeinkunn hækkað frekar en staðið í stað.



Kennslustjórar fá niðurstöður kennslumats í þeim greinum sem tilheyra braut þeirra og nota niðurstöðu kennslumats í starfsmannaviðtölum. Þar verður farið ítarlega yfir niðurstöður mats á námi, mats á áfanga og mats á kennslu og leitað úrbóta.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari fá niðurstöður kennslumats í öllum greinum. Þeir kalla starfsmenn til viðtals sem fengu lægri kennaraeinkunn en 7 eða aðrar niðurstöður kennslumats gefa tilefni til þess.

Markmið er að kennaraeinkunn verði ekki lægri en 8,3 á haustönn 2010 og að nemendur mæti betur í kennslustundir, en meðaltal í þessari spurningu lækkaði úr 3,3 á haustönn 2009 í 3,2 á vorönn 2010.

Allar niðurstöður kennslumats eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Næst verður kennslumat framkvæmt 1.-30. nóvember 2010.

Starfsánægjumat

Starfsánægjumat hefur tvisvar verið framkvæmt, á haustönn 2006 og svo aftur á haustönn 2008. Niðurstöður [starfsánægjumats](#) eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Starfsánægjumat verður næst framkvæmt á haustönn 2011.

Þjónustumat

Mat á aðstöðu bókasafns, námsráðgjöf, tölvuaðstöðu, á samskiptum nemenda við stjórnendur, námsráðgjafa, skrifstofu, fjármáladeild og þjónustu matsölnunnar var síðast framkvæmt á haustönn 2008 og eru [niðurstöður](#) þess aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Stýrihópurinn fór yfir niðurstöður þjónustumats og ræddi hugsanlegar tillögur að úrbótum. Næsta þjónustumat verður framkvæmt á vorönn 2011.

Annað

Fagstjórar skila skýrslu í lok hvers skólaárs með mati á námi, samskiptum og þjónustu. Liggja niðurstöðurnar fyrir hjá skólameistara.

Kennslustjórar skila skýrslu í lok hvers skólaárs um starfsemi viðkomandi brautar. Kennslustjórar bóknámsbrauta skiluðu sameiginlegri skýrslu um skólaárið 2009/2010. Liggja niðurstöðurnar fyrir hjá skólameistara.

Umræða um innleiðingu nýrrar námskrár var haldið áfram og stýrðu kennslustjórar Þeir stýrðu kennslustjórar bóknámsbrauta því þróunarstarfi. Þrjú fundir um námskrármál voru haldnir með öllum starfsmönnum skólans. Fyrsti fundurinn var haldinn 18. september 2009. Gestafyrirlesarar voru Ingibjörg Axelsdóttir frá Kvennaskólanum, sem sagði frá því starfi sem þar hefur farið fram, og Guðrún Geirsdóttir frá Menntavísindasviði HÍ, sem kynnti gerð hæfnisviðmiða. Annar fundur var haldinn 5. febrúar 2010 og var yfirskrift hans „Hver eru markmið skólans?“ Þriðji fundur var haldinn 18. maí 2010 og bar hann yfirskriftina „Hyvernig sjáum við FÁ eftir fimm ár?“ Niðurstöður fundanna liggja fyrir hjá skólameistara. **Áætlun er að halda námskrárfund á vorönn 2011. Kennslustjórar vinni ásamt kennurum að drögum að nýjum námsbrautum og kynni drögin fyrir lok vorannar 2011. Almennur hluti skólanámskrár verði endurskoðaður með þátttöku allra starfsmanna og liggja drög fyrir í lok vorannar 2011.**

Stýrihópur um Almenna námsbraut tók til starfa á haustönn 2008 og skilaði skýrslu með tillögum til úrbóta í lok vorannar 2009. Starfið hélt áfram á skólaárinu 2009/2010 og liggja fundargerðir hópsins fyrir hjá skólameistara. **Áætlun er að bjóða upp á nýja framhaldsskólabraut á haustönn 2011.**

Elín Vilhjámsdóttir, kennslustjóri í dyslexíu, sendir á hverri önn öllum kennurum upplýsingar um stöðu lesblindra nemenda í skólanum og leiðbeiningar um hvaða atriði þarf að hafa í huga við nám og kennslu lesblindra. **Markmið er að bjóða nemendum með námsörðugleika aðstoð við hæfi hvers og eins.**

Ásta Sveinbjörnsdóttir, kennslustjóri nýbúadeildar, gerir á hverri önn grein fyrir fjölda og stöðu nemenda, sem eru með annað móðurmál en íslensku. Liggja niðurstöðurnar fyrir hjá skólameistara. **Markmið er að styrkja nemendur af erlendum uppruna í að læra íslensku og kynnst íslenskri menningu og blandast með öðrum nemendum í fjölmenningskólasamfélagi.**

Skólinn hefur tekið þátt í mörgum erlendum samstarfsverkefnum á skólaárinu 2009/2010. Heilbrigðisskólinn tekur þátt í Leonardo-verkefninu „Sjúkraliðanemar“ og fóru fimm nemendur á vegum verkefnisins í starfsþjálfun til Danmerkur. Auk þess voru tvö verkefni í gangi á vegum Comenius, þrjú verkefni á vegum EEA og tvö verkefni á vegum Nordplus. Upplýsingar um erlent samstarf eru á heimasíðu skólans: <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/erlsamskipti/>.

Á heimasíðu skólans má finna margvíslegar upplýsingar um markmið og stefnu skólans, m.a. jafnréttisstefnu, samgöngustefnu, menntastefnu, starfsmannastefnu og umhverfistefnu. **Áætlun er að vinna eineltisstefnu og viðbragðsáætlun fyrir stjórnendur skólans á haustönn 2010.**